

Fundargerð 2. fundar ferðamálaráðs - 12. febrúar 2010

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu kl. 8:30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Ásbjörn Jónsson, Unnur Halldórsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Ásbergsson og Ragnheiður Hergeirsdóttir. Einnig áheyrnarfulltrúinn Ólöf Ýrr Atladóttir.

Jón Gunnar Borgþórsson var gestur fundarins og Vigdís Eva Líndal frá iðnaðarráðuneyti, ritaði fundargerð.

Sævar Skaptason og Dofri Hermannsson boðaðu forföll.

1. Fundargerð 1. fundar ferðamálaráðs. Samþykkt.

2. Fjöldi og dreifing ferðamanna. Ferðamálastofa. Ferðamálastjóri kynnti nýjan bækling með upplýsingum um fjölda og dreifingu ferðamanna, bæði íslenskra og erlenda. Um er að ræða fyrsta bæklinginn af fjórum á þessu ári en þeir verða gerðir aðgengilegir á heimasíðu Ferðamálastofu ásamt því að send verður út fréttatilkynning. Taldi ferðamálastjóri að áhugavert væri að skoða nánar tregðu Íslendinga við að nýta sér afþreyingu innanlands og megi í raun líta á það sem áskorun fyrir ferðapjónustuaðila.

3. Ferðamálastofa kynnrir markaðsáherslur 2010 og mat á árangri markaðsaðgerða 2009.

JGB kynnti markaðsáherslur 2010 og mat á árangri markaðsaðgerða 2009. Fram kom að markaðsáherslur 2010 tækju mikið mið af þröngum fjárhag og því væri lítið svigrúm fyrir einstök verkefni. Áherslan væri því að verja hlut Íslands á hinum venjulegu mörkuðum í stað þess að sækja mikið nýja markaði. Ennfremur væri áhersla lögð á að auka sýnileika Ferðamálastofu. Unnið er að gerð nýrrar vefsíðu og vilji til að endurnýja DVD disk sem kynningarefni fyrir Ísland. Vinnu vegna mats á árangri markaðsaðgerða 2009 og samstarfsverkefna er ekki lokið, en gert er ráð fyrir að því verði lokið í mars. Ferðamálaráð óskaði eftir því við JGB að fá yfirferð yfir samstarfsverkefni og kynningu á þeim í mars. Ennfremur kallaði Ferðamálastofa eftir tillögum frá ferðamálaráði um samræmingu flugs og áherslna sem hægt væri að leggja til við ráðherra. Samþykktu fundarmenn að koma með hugmyndir á næsta fundi.

4. Útlit og horfur 2010. Lögð var áhersla á að styrkja þyrfti leiðakerfið til að standa undir heilsársferðapjónustu. Samþykktu fundarmenn að lagðar yrðu fram tillögur til yfirvalda um aukið fjármagn til að byggja upp heilsársferðapjónustu þar sem það myndi skila sér margfalt til baka. Ákveðin vandamál tengd innviðum ferðapjónustu yfir háannatíma; flugvöllurinn ræður eingöngu við takmarkaðan fjölda ásamt því að gjaldskrár og skattar fara hækkandi. Ferðamálastofu vinnur að útdrætti upp úr skýrslum frá ETC og mun dreifa þeim til nefndarmanna. JGB lagði til að fundarmenn fengju kynningu á starfsemi Ferðamálastofu. Fundarmenn sammála um að halda næsta fund í húsakynnum Ferðamálastofu við Geirsgötu.

5. Drög að dagskrá ferðamálaþings 2010. Drög að dagskrá liggja fyrir. Fundarmenn sammála um að samþætta áherslu á gæðamál við vörubrúun innan ferðapjónustu, þ.e. hvernig hægt verði að þróa vöruna utan háannatíma, samþætting stuðningsaðgerða o.fl. Lagt til að fundarmenn þrói

áfram tillögur sem flétti saman þessar tvær áherslur, hugi að mögulegum fyrirlesurum og sendi tillögur sínar á Svanhildi og Ólöfu Ýrr ásamt tillögum að starfsdegi í mars fyrir næsta fund.

6. Önnur mál. Engin önnur mál voru tekin til umræðu.

Fundi slitið kl. 10.